

— **Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Rvík um yfirsetunám í Kaupmannahöfn.** 209
 — Ráðgjafinn hefir tjáð mjer í brjefi 12. septbr. þ. á., að þjer, herra bæjarfógeti, hafið sótt til Stadfeldts prófessors í Kaupmannah. um, að Ólöfu Sigurðardóttur yrði veitt viðtaka og frípláss á fæðingarstofnuninni, en að prófessorinn hafi snúið sjer með brjefið til ráðgjafans, og hafi Ólöfu síðan verið veitt viðtaka á stofnunina og frípláss þar; hefir ráðgjafinn lagt fyrir mig að skýra yður frá þessu, en brýna það jafnframt fyrir bæjarstjórninni, að áður en hún gjörði neinar ráðstafanir til að senda Ólöfu til Hafnar, hefði hún átt að snúa sjer til landshöfðingja og skora á hann að umgangast það, að útvegað yrði leyfi stjórnar fæðingarstofnunarinnar til þess, að stúlkan fengi inntöku á stofnunina.

Um leið og jeg skýri yður frá þessu, skal jeg og, eftir tilefni, sem ráðgjafinn hefir til þess gefið, eigi hjá líða láta að tjá yður, að Reykjavíkurbæ, sem er það sveit-arfelag, er sent hefir Ólöfu til náms, ber að endurgreiða, þá er krafizt verður, kostnað þann, er fram er lagður fyrir hana, auk ferða- og kennslukostnaðar, þar á meðal fyrir fót, þvott o. s. frv.

Amtsráðsskýrslur.

210

Fundur amtsráðsins í Vesturamtinu 18.—20. júlí 1882.

Fundurinn var haldinn í Stykkishólmi af forseta amtsráðsins, amtmanni Bergi Thorberg, með amtsráðsmönnum sýslumanni Sigurði Sverrissyni og jarðyrkjumanni Torfa Bjarnasyni.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram jafnaðarsjóðsreikning vesturamtsins fyrir árið 1881; var hann yfirskodaður og fannst ekkert við hann að athuga.
2. Forseti lagði fram reikning búnaðarsjóðs vesturamtsins fyrir 1881; og benti jafnframt á, að kvittun yantaði fyrir 50 kr. styrk, er veittur hafði verið Kolbeinsstaðahreppi; var reikningurinn yfirskodaður, og fannst að öðru leyti ekkert við hann að athuga.
3. Forseti lagði fram reikning yfir búnaðarskólagjaldið í vesturamtinu árið 1881, var hann yfirskodaður og fannst ekkert við hann að athuga.
4. Amtsráðið samþykkti að forseti hafði samið við búfræðing Svein Sveinsson í sam-einingu við forseta búnaðarfjelags suðuramtsins um það, að hann skyldi ferðast á þessu sumri í nokkrum sýslum í greindum ömtum, til að leiðbeina mönnum í jarðabótum og búnaði, og að hann hafði heitið að greiða laun hans að vesturamtsins hluta af því fje, er amtsráðið hefði til umráða; en upphæð launanna hafði fyrir allt sumarið verið ákveðin 800 kr., og var gjört ráð fyrir, að helmingur þar af yrði greiddur frá suðuramtinu.
5. Forseti skýrði frá, að landshöfðinginn hefði ákveðið, að vesturamtið fengi 1500 kr., af því fje, sem í fjárlaganna 10. gr. C. 5. b. er veitt til að styrkja að helmingi sýsluvegasjóði til að bæta sýsluvegi á aðalpóstleiðum, og að amtsráðinu hefði verið falið á hendur að skipta fje þessu milli sýsluvega í amtinu.

Amtsráðið veitti af fje þessu 300 kr. til Mýrasýslu, til að endurbæta hraunveginn á aðalpóstleiðinni eptir Norðurárdal, og til nauðsynlegustu endurbóta annarstaðar á aðalpóstleiðinni gegn um sýsluna, móti jafnri upphæð úr sýslusjóði. Enn fremur veitti amtsráðið af fje þessu 125 kr. til Strandasýslu til að greiða helming